

12

5. febr.

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð 15. jan. 1935, um kosningu af hálfu útvarpsnotenda í útvarpsráð.

Samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 68 frá 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins, er hérmeð sett eftirfarandi ákvæði um viðauka við reglugerð frá 15. jan. 1935, um kosningu af hálfu útvarpsnotenda í útvarpsráð:

Á eftir fyrri málsgrein 14. gr. kemur ný málsgrein svo hljóðandi:

Útvarpsnotandi hver hefir aðeins eitt atkvæði og eins þó hann sé skráður eigandi að fleiri viðtækjum en einu. Eigi verður farið með atkvæði vegna viðtækis ríkisstofnunar, skóla, sjúkrahúss, líknarstofnunar eða annarar stofnunar, sem reist er af almannafé eða samskotafé né heldur skips, atvinnustofnunar eða annarar félags- eða einkastofnunar, hverju nafni sem nefnist.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í kennslumálaráðuneytinu, 5. febrúar 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.

13

9. febr.

AUGLÝSING

um verkun og útflutning á Magnafiski.

Til ársloka 1935 er öllum heimil verkun og útflutningur á Magnafiski, sem yfirfiskimatsmanni Sveini Árnasyni var veitt einkaútflutningsleyfi á, með lögum nr. 31 1933, með þeim takmörkunum, sem settar hafa verið um útflutning á saltfiski.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. febrúar 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.